

Sýnum aðgát í nærveru sálar

Vegna hremminga sem íslenskt fjármálalíf stendur frammi fyrir á haustmánuðum 2008 hefur verið mjög hávær umræða í samfélaginu um samdrátt og niðurskurð í atvinnulífinu, með beinum afleiðingum fyrir heimili og fyrirtæki.

Þetta er alvarleg umræða sem snertir unga sem aldna og þar af leiðandi er mikilvægt að vanda orðaval til að valda börnum, ungmennum, veikum og öldruðum ekki óþarfa kvíða.

Brýnt er að hafa í huga að óvönduð umræða um mál af þessu tagi er skaðleg heilsunni og því mikilvægt að vanda hana í hvívetna og láta hana ekki fara úr böndum.

Flutningur fregna af válegum atburðum er bestur ef jöfnum höndum er fjallað um hugsanlegar lausnir vandans. Benda m.a. á að í landinu býr heilsuhraust, vel menntuð og dugleg þjóð sem sýnt hefur og sannað að hún getur tekið á vanda þegar þörf krefur.

Þá þarf að gæta þess að umræðan á vinnustöðum sé á þann veg að fólk festist ekki í hringiðu umræðunnar heldur sinni vinnu og verðmætasköpun, sjálfum sér og samfélagi til hagsbóta.



Kristinn Tómasson
yfirlæknir Vinnueftirlitsins

Sigurður Guðmundsson
landlæknir

Þórólfur Þórlindsson
forstjóri Lýðheilsustöðvar